



### **Verkfæri (lámarsbúnaður)**

Sjúkrakassi, slökkvitæki, kerti eða gashitari, topplyklasett, fastir lykklar, stór skiptilykill eða rörtöng, skrúfjárnasett, hamar, felgujárn, viðgerðarsett fyrir dekk, rakavarnarúða eða WD40, sæmileg skófla, einhver tjakkur helst drullutjakkur, dráttartóg, skíðagleraugu, vasaljós, álkall eða broddstafur, startkaplar og suðupinni fyrir þá sem telja sig ráða við að nota þá.

### **Varahlutir (lámarsbúnaður)**

Viftureim/ar, bensíndæla / olíudæla, bensínsía / hráólúsía, startari í sjálfskipta bíla, kerti, háspennuþræðir og háspennukefli, felgurær og boltar (minnst 4 stykki), öryggi, sjálfskiptivökvi og bremsuvökvi. 5 metrar af 2,5 kvaðrat rafmagnsvír.

### **Útbúnaður í ferðalögum**

Það gefur auga leið að ýmislegt þarf að hafa með í bílnum þegar farið er á fjöll, hvort sem er að sumri eða vetri. Ýmsar aðstæður geta komið upp eins og bilanir, festur og margt annað sem ekki er hægt að sjá fyrir. Hér að néðan er listi yfir hluti sem gott er að hafa með í för. Þess ber þó að geta að fara ekki eftir svona listum í blindni, heldur hafa þá til hliðsjónar og láta skynsemina ráða við val á búnaði. Einnig er gott að hafa í huga að ýmislegt, eins og t.d. verkfæri, dráttarspil, tjakka o.fl. er ekki endilega nauðsynlegt að hafa í hverjum bíl, heldur frekar í hverjum hópi.

### **Útbúnaðarlisti**

1. Dráttartóg sem hentar þyngd bílsins. Flestir velja teygjukaðal, að lágmarki 7m. langann. Heppilegt getur verið að splæsa lykkju á annan eða báða enda hans.
2. Krókur framan og aftan á bílnum til að festa dráttartóg (hraðlásar eða krókar sé þess þörf).
3. Dráttarspil
4. Skófla
5. Drullutjakkur/loftpúðatjakkur
6. Járn- eða álkarl
7. Loftdæla/loftkútur /loftslanga
8. Tappasett til viðgerða á dekkjum
9. Loftmælir. Hentugt að hafa 2 mæla. Annan með skala á bilinu 0-20psi og hinn með hærri skala.
10. Staðsetningartæki
11. Landakort
12. Fjarskiptatæki
13. Verkfæri til lágmarks viðgerða
14. Hjöruliðskross, eldsneytissía, felgurær og aðrir þeir varahlutir sem ætla má að gætu komið að gagni
15. Vasaljós/ennisljós
16. Dekkjahreynsir
17. Auka ventill/ventlahettur
18. Ljósaperur í aðalljós og kastara
19. Öryggi í nokkrum stærðum
20. Sjúkrakassi
21. Slökkvitæki
22. Rúðuskafa eða lítill kústur
23. Vinnuhanskar